

## Upplýsingablað

**Efni:** Spurningar og svör um innflutningstakmarkanir á fersku kjöti, vörum úr eggjum og ógerilsneyddri mjólk á Íslandi

EFTA SURVEILLANCE  
AUTHORITY

### 1. Hvaða vörur er um að ræða?

Íslenska regluverkið sem um ræðir varðar innflutning á eftirfarandi vörum: Hráu kjöti, unnu sem óunnu, kældu sem frosnu, svo og innmat og sláturúrgangi hvort sem um ræðir svína-, nauta-, lamba-, geita- eða alífuglakjöt, kjöt af villtum dýrum.<sup>1</sup>

Einnig er um að ræða íslenskar innflutningstakmarkanir á hráum eggjum og vörum úr þeim sem og ógerilsneyddri mjólk og mjólkurvörum.

Reglurnar varða ekki lifandi dýr því Ísland nýtur sérstakrar undanþágu til að banna innflutning hvers konar lifandi dýra. Undanþágan var veitt til að vernda íslenskt búfé fyrir utanaðkomandi dýrasjúkdómum.

### 2. Hvernig hljóða íslensk lög um innflutning á kjöti?

Íslensku lögin sem eru til umfjöllunar<sup>2</sup> fela ekki í sér allsherjar bann við innflutningi á fersku kjöti heldur tiltekin skilyrði og kröfur um skjöl sem verður að framvísa til að öðlast leyfi til innflutnings.

Samkvæmt íslenskum lögum verða innflytjendur að sækja um sérstakt leyfi til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, til að flytja inn hráar kjötvörur frá Evrópska efnahagssvæðinu. Innflytjendur verða einnig að fylla út og senda eyðublað til Matvælastofnunar til að tilkynna henni innflutninginn. Það eru upplýsingar um upprunaland, framleiðsluferli, yfirgripsmiklar upplýsingar um vöruna sjálfa og framleiðanda sem og þau vottorð sem krafist er af íslenskum stjórnvöldum. Innflytjendur verða að skila eftirfarandi vottorðum til Matvælastofnunar:

- Opinbert vottorð sem staðfestir að vörurnar hafi legið frosnar við að lágmarki  $-18^{\circ}\text{C}$  í 30 daga áður en þær voru afgreiddar úr tolli.
- Opinbert vottorð sem að staðfestir að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkingu.
- Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar uppfylli ákvæði um aðskotaefni í matvælum.
- Opinbert vottorð um að varan skuli merkt í samræmi við íslenskar reglur um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

### 3. Hverjar eru reglur innri markaðarins um eftirlit með ferskum kjötvörum og hvernig ganga íslensku skilyrðin gegn þeim?

Árið 2007 var löggjöf á sviði hollustuhátta og matvælaeftirlits tekin upp í EES-samninginn. Löggjöfin tók þó ekki gildi á Íslandi fyrr þremur árum síðar. Ísland fékk þá 18 mánuði til viðbótar til að innleiða reglur um ferskt kjöt og aðrar kjötvörur. Það var svo loks 1. nóvember 2011 sem löggjöf EES um hollustuhætti á kjöti, opinbert- og heilbrigðiseftirlit með dýrum tók að fullu gildi á Íslandi. Þá tók gildi tilskipun<sup>3</sup> sem samræmir heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum innan EES en hún kveður á um þær tegundir eftirlits sem hafa má með dýraafurðum. Löggjöfin hefur hagsmuni

<sup>1</sup> Innflutt matvæli sem flokkast undir vöruliði: 0202, 0203, 0204, 0207, 0208, 0210, 1601 og 1602.

<sup>2</sup> Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim 25/1993 og Reglugerð 448/2012.

<sup>3</sup> Tilskipun nr. 89/662/EBE.

neytenda í öndvegi og ábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila er skýrt skilgreind og leikur stórt hlutverk. Samkvæmt henni takmarkast eftirlit á viðtökustað við stikkprufur

Markmið löggjafarinnar er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt óheftan flutning matvöru á EES svæðinu. Aðalmarkmið tilskipunnarinnar er að staðla og bæta heilbrigðiseftirlit innra markaðarins í upprunalandi vöru til að tryggja öryggi manna og dýra en á sama tíma takmarka verulega eftirlit á viðtökustað dýraafurða til að auka skilvirkni og auðvelda viðskipti milli aðildarríkja.<sup>4</sup>

Eftirlitstofnun EFTA (ESA) telur kröfuna um sérstakt leyfi og framvísun fjölda vottorða fyrir innflutning á fersku kjöti ganga gegn EES samningnum, nánar tiltekið tilskipun nr. 89/662/EBE. Íslensk stjórnvöld hafa ekki veitt skýringar sem teljast fullnægjandi til að réttlæta núverandi fyrirkomulag. Þau vísindalegu gögn sem íslensk stjórnvöld hafa framvísað sýna að hætta á að búfé sýkist vegna innflutnings á fersku kjöti er hverfandi.

Yfirgripsmikið regluverk ESB, sem er hluti af EES-samninginum, er sérstaklega hannað til að lágmarka áhættu og minnka líkur á útbreiðslu sjúkdómsvalda innan EES. Víðtækt kerfi varúðarráðstafana er við lýði ef hætta skapast á útbreiðslu sjúkdómsfaraldurs innan EES-ríkja. Sem dæmi má nefna að innan Evrópusambandsins er til staðar aðgerðaráætlun sem kveður á um slátrun og förgun svína á sýktum býlum sem og einangrunarsvæði og framkvæmd eftirlits á því ef svínaflensu yrði vart.

Að lokum má nefna að komi upp sjúkdómsfaraldur eða aðrar aðstæður þar sem heilsu íslensks búfénaðar eða almennings er ógnað er Íslandi, heimilt samkvæmt EES samningnum, grípa til sérstakra tímabundinna öryggis- og verndarráðstafana.

Í dómi sínum í máli E-17/15 Ferskar kjötvörur ehf gegn íslenska ríkinu komst EFTA dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að kröfur íslenska ríkisins varðandi innflutning á hráu kjöti stönguðust á við tilskipun 89/662/EBE. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að sömu niðurstöðu í nóvember 2016.

#### 4. Hvernig snýr þetta að innflutningi á vörum úr eggjum og mjólk?

Íslensk löggjöf felur í sér innflutningstakmarkanir á hráum eggjum og vörum úr þeim sem og ógerilsneyddri mjólk og mjólkurvörum. Innflytjendur verða samkvæmt gildandi lögum að sækja um leyfi og leggja fram margvísleg gögn til Matvælastofnunar. ESA telur að þessar kröfur stangist á við tilskipun 89/662/EBE um eftirlit með dýraheilbrigði.

Vörur úr eggjum og mjólk sem viðskipti eru með innan Evrópska efnahagsvæðisins lúta, líkt og vörur úr fersku kjöti, nákvæmum reglum um heilbrigðiseftirlit í framleiðsluríkinu. Eftirlit í viðtökuríki er hins vegar takmarkað við stikkprufur. Yfirgripsmikið regluverk ESB, sem er hluti af EES-samningnum, er sérstaklega hannað til að draga úr áhættu og minnka líkur á að sjúkdómsvaldar berist milli landa.

#### Eftirlitstofnun EFTA

EES-réttur gerir miklar kröfur um fæðuöryggi og heilbrigði og velferð dýra. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist með því að EFTA-ríkin lögfesti viðeigandi reglur og beiti þeim með réttum hætti. Stofnunin fer yfir þær ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra. Önnur verkefni ESA eru fjölbreytt:

<sup>4</sup> Reglugerðir (ESB) nr. 882/2004 og nr. 854/2004.

- ESA hefur eftirlit með því að Ísland, Liechtenstein og Noregur, virði skuldbindingar sínar samkvæmt EES samningnum.
- ESA verndar rétt einstaklinga með því að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og jafnan rétt til þátttöku á innri markaðinum.
- ESA fylgist með að EES-gerðir séu innleiddar á réttum tíma.
- ESA leitast við að vernda rétt einstaklinga og aðila markaðarins sem finnst á sér brotið með ólögmætum reglum og aðgerðum EFTA ríkjanna eða fyrirtækja innan þeirra.
- ESA framfylgir takmörkunum á ríkisaðstoð.
- ESA hefur eftirlit með að fyrirtæki sem starfa innan EFTA ríkjanna fari að samkeppnisreglum og grípur til aðgerða ef þess þarf.